

Lokun á Ölfusárbrú við Selfoss

Vegna viðgerða verður brúin yfir Ölfusá lokuð **í viku** um miðjan ágúst.

Áætlað er að loka þann 12. ágúst á miðnætti, opna fyrir morgunumferð kl. 6 þann 13. ágúst og **loka svo aftur kl. 16 sama dag**. Nýtt brúargólf verður steipt um nóttina, steypan er nokkra sólarhringa að harðna og áætlað er að hægt verði að hleypa aftur umferð á brúna þann 20. ágúst.

Ástæður lokunar

- Brúin er orðin mjög slitin og eru hjólför orðin 40-50 mm djúp.
- Dagleg umferð um Ölfusárbrú yfir sumartímam er ca. 17.000 bílar á sólarhring.
- breidd brúarinnar er aðeins 6,1 metrar og áætlað vinnusvæði 3,3 metrar þannig að ómögulegt er að halda einni akrein opinni fyrir almenna umferð.
- Umferðastýring myndi hefja vinnu mikið og gæti tvöfaldað, jafnvel þrefaldað framkvæmdatímann.
- Miklar tafir og raðir myndu myndast sitt hvoru megin við brúna.
- Áætlaður tími í viðgerð er rúmur og ef veðurlag er hagstætt er gert ráð fyrir að þetta taki talsvert skemmri tíma.
- Ágúst er valinn með það í huga að steypan verði fljótari að harðna, skólahald verður ekki byrjað og aðeins er byrjað að hægja á umferð ferðamanna.

Hjáleið verður m.a. um Þrengsli (39) og Óseyrarbrú á Eyrarbakkegi (34). Í uppsveitum eru hjáleiðir um Biskupstungnabraut (35). Skálholtsveg (31), Bræðratunguveg (359) og Skeiðaveg (30). Gangbrautin á Ölfusárbrú verður opin á framkvæmdatímanum.

